



BORGARBYGGÐ

Skrifstofa - Borgarbraut 11
310 Borgarnes - Kt.: 510694-2289
Sími: 437 1224 - Fax: 437 1024

Alþingi
Erindi nr. P 131/1744
komudagur 29.4.2005

Borgarnesi 28.04 2005

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um samgönguáætlun fyrir árin 2005-2008

Bæjarráði Borgarbyggðar hefur borist til umsagnar þingsályktunartillaga um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2005-2008.

Það er álit bæjarráðs Borgarbyggðar að samgönguáætlun fyrir árin 2005-2008 sé um margt metnaðarfull áætlun enda er það svo að öflugt samgöngukerfi er forsenda hagsældar og þess að byggð blómstri um allt land. Við gerum okkur ljóst að seint munu fara saman óskir landsmanna um samgöngubætur og þær fjárveitingar sem fara til samgöngumála. Eftir sem áður viljum við benda á nokkra þætti sem betur mættu fara að okkar mati í áðurnefndri samgönguáætlun.

Bæjarráð Borgarbyggðar leggur áherslu á að fjárveitingar til tengivega verði hækkaðar. Áætlað er að fjárveitingar til tengivega í Norðvesturkjördæmi hækki aðeins um 4 mkr. á milli árunna 2006 og 2008. Hækkun fjárveitinga til tengivega í Suðurlandkjördæmi og Norðausturkjördæmi er mun meiri. Við bendum á að í Borgarbyggð eru tengivegir stór hluti vegakerfisins og vaxandi hópur íbúa velur sér búsetu í dreifbýli og nýtir tengivegi til að sækja atvinnu sem og alla nauðsynlega þjónustu. Þá eru góðar samgöngur í dreifbýli forsenda þess að sameining sveitarfélaga skili tilætludum árangri, en nýverið samþykktum íbúar Borgarbyggðar og þriggja nágrannasveitarfélaga sameiningu. Sérstaklega viljum við benda á að afar brýnt er að hefja endurbætur á vegi nr. 510 Hvítárvallavegi, en hann tengir saman háskólana að Bifröst og Hvanneyri. Vaxandi samstarf skólana kallar á greiðari samgöngur. Þá leggur bæjarráð Borgarbyggðar áherslu á að fjárveitingar til safnvega verði hækkaðar, en þær tengja fjölda heimila í dreifbýli við tengi- og stofnvegi.

Loks viljum við hvetja til þess að samstaða náist sem allra fyrst um legu og uppbyggingu Sundabrautar, en að okkar mati er Sundabraut sú framkvæmd sem bæta mun búsetuskilyrði í Borgarbyggð og á Vesturlandi öllu hvað mest. Væntanlega mun Sundabraut stytta aksturstíma á milli Borgarnes og Reykjavíkur um 10-15 mínútur sem þýðir í raun að Borgarfjörður verður hluti af atvinnu- og þjónustusvæði höfuðborgarinnar. Jafnframt teljum við afar mikilvægt að hið fyrsta verði hugað að tvöföldun Vesturlandvegar frá Reykjavík í Borgarnes.

Virðingarfyllst

f.h. bæjarráðs Borgarbyggðar

Páll S. Brynjarsson
Páll S. Brynjarsson
bæjarstjóri